



SJÁLFSMATSSKÝRSLA VÍKURSKÓLA 2020-2021

Elín Einarsdóttir
skólastjóri

Innihald

Inngangur	4
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn	5
Nemendakönnun 6.-10. bekkjar	5
Virkni nemenda í skólanum	5
Líðan og heilsa.....	6
Skóla og bekkjarandi	7
Opin svör nemenda.....	7
Umbótaáætlun.....	7
Foreldrakönnun.....	7
Nám og kennsla.....	8
Velferð nemenda	9
Aðstaða og þjónusta	10
Foreldrasamstarf.....	11
Heimastuðningur	12
Opin svör	12
Úrbótaáætlun.....	12
Nemendakönnun 1.-5. bekkjar	12
Ánægja af lestri	13
Ánægja með skólann.....	13
Vellíðan með skólann.....	14
Ungt fólk 2021.....	15
Lesfimi	16
Lesskilningur.....	16
Niðurstöður samræmdra prófa.....	16
Teymi Víkurskóla	18
Stærðfræðikennsla.....	18
Uppeldi til ábyrgðar	18
Heilsueflandi skóli	18
Skólaping nemenda.....	19
Lokaorð	19
Fylgiskjöl.....	20

Fylgiskjal 1- Rýnivinna vegna nemendakönnunar	20
Fylgiskjal 2 – Rýnivinna vegna foreldrakönnunar	21
Fylgiskjal 3 – Skólaþing nemenda	23

Inngangur

Á grundvelli laga um grunnskóla frá árinu 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat sbr 35 og 36 grein laganna:

35. gr. Markmið.

- ☐ Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

■ 36. gr. Innra mat.

- ☐ Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- ☐ Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur

Sjálfsmat skóla er stöðugt og langtímamiðað og um leið er safnað með kerfisbundnum hætti gögnum um skólastarfið. Sjálfsmat er liður í umbótun, þróun og vexti hvers skóla og forsenda framfara og gæðastarfs. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarfið, í tilfalli Víkurskóla þá er sérstaða skólans sú að hann er heildstæður fámennur skóli sem þjónar börnum úr dreifbýli og þéttbýli.

Allir nemendur Víkurskóla tóku þátt í sjálfsmati yfir skólárið. Eldri nemendur að hausti (6.-10.b) og yngri nemendur að vori (1.-5.b). Foreldrar/forráðamenn allra barna í skólanum tóku þátt í mati á skólastarfinu.

Í áætlun um innra mat Víkurskóla <https://vikurskoli.is/wp-content/uploads/2020/11/Innra-mat-Vikurskola-2020-2024.docx.pdf> er gerð grein fyrir þeim þáttum sem metnir eru yfir skólaárið. Víkurskóli nýtir sér kannanir í Skólapúlsins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem þær gefa og settar fram í umbótaáæltunum. Kannanirnar eru lagðar fyrir annað hvert ár og ná til allra nemenda skólans, foreldra og starfsmanna. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir á hvern hátt unnið var úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á skólaárinu.

Skólaráð Víkurskóla, fjallaði um allar kannanirnar, kynning fór fram í fræðslunefnd Mýrdalshrepps, þær voru ræddar og rýndar á starfsmannafundi Víkurskóla undir stjórn matsteymis skólans.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Árlega eru lagðar fyrir samræmdar kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðursöður slíkra mælinga gefa vísbendingar um á hvaða leið skólastarfið er og gefa tækifæri til að grípa til úrbóta ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar. Þegar niðurstöður eru jákvæðar styrkir það skólasamfélagið í heild sinni og hvetur til áframhaldandi framfara. Í Víkurskóla eru kannanir með vefkerfi Skólapúlsins lagðar fyrir alla hópa annað hvert ár. Skólaárið 2020-2021 voru eftirfarandi kannanir lagðar fyrir:

- Nemendakönnun 6.-10. bekkjar í október 2020
- Foreldrakönnun febrúar 2021
- Nemendakönnun 1.-5. bekkjar mars 2021.

Niðurstöður allra kannananna eru aðgengilegar á heimasíðu Víkurskóla,

<https://vikurskoli.is/innra-mat/>

Jafnframt má lesa um þær fræðilegu forsendur sem liggja til grundvallar könnunum í inngangi hvernar skýrslu.

Umfjöllun um ofantaldar kannanir verða reifaðar hér fyrir neðan

Nemendakönnun 6.-10. bekkjar

Þar sem Víkurskóli er fámennur skóli er ekki tekið úrtak úr nemendahópnum heldur taka allir nemendur þátt. Svarhlutfall að þessu sinni var 100%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Virkni nemenda í skólanum
- Líðan og heilsu
- Skóla og bekkjaranda

Að auki gefst nemendum kostur á að tjá sig í opnum svörum um það sem þeir eru ánægðir með og einnig það sem þeir eru síður ánægðir með

Virkni nemenda í skólanum

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	29	-0,7	4,5	17.501	0,3
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	29	-0,4	4,6	17.611	-0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,2	29	-0,3	4,8	17.865	0,4
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,2	29	-0,5	4,7	17.839	0,5*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,5	29	-0,0	4,5	17.587	0,0
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,0	29	-0,4	4,5	17.806	-0,5*

Ánægja nemenda Víkurskóla af lestri og stærðfræði mælist örlítið hærri en landsmeðaltal og ánægja af náttúrufræði er marktækt meiri en í öðrum skólum. Hinsvegar veldur áhyggjum að nemendur hafa marktækt minni trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsa

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,4	29	-1,1	4,2	17.536	-0,8*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,5	29	-0,7	4,3	17.494	-0,8*
2.3. Vellíðan	3,9	29	-0,6	4,4	17.714	-0,5
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	11	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,3	29	0,4	5,6	17.685	0,7*
2.6. Tíðni eineltis	20,7%	6/29	-12,6%	13,6%	2468/17631	7,1%
2.7. Staðir eineltis	-	5	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	31,0%	9/29	1,0%	43,7%	7567/17263	-12,7%
2.9. Hollt mataræði	4,6	29	0,1	4,6	17.412	0,0

Í þessum hluta könnunarinnar koma nemendur Víkurskóla lakara út á 8 þáttum af 9 miðað við landsmeðaltal og þar af marktækur munur á þremur þáttum. Tíðni eineltis virðist samkvæmt þessari mælingu fara vaxandi í skólanum.

Skóla og bekkjarandi

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,1	29	-	4,8	17.392	-0,7
3.2. Samband nemenda við kennara	5,0	29	0,1	4,9	17.611	0,1
3.3. Agi í tímum	4,9	29	-0,1	4,9	17.580	0,0
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	29	0,0	5,0	17.537	-0,3
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,3	29	-	5,0	17.548	0,3

Í þessum hluta könnunarinnar varð lítil breyting frá könnun 2019. Helst ber þó að nefna að fyrsta þáttinn sem mælir samsömun nemenda við aðra í hópnum þessi þáttur er nokkuð undir landsmeðaltali.

Opin svör nemenda

Nemendur fengu tækifæri til að lýsa nánar því sem þeim finnst gott við Víkurskóla, nefnt var að skólinn væri lítill og auðvelt væri að leita til kennaranna, góðir kennarar, góðir vinir og að hlustað væri á raddir nemenda. Jafnframt fengu nemendur tækifæri til að segja hvað þeim fyndist ábótavant, nefnt var að maturinn væri ekki nægjanlega góður, ekki væri hlustað á nemendur og vinnufriður mætti vera betri.

Umbótaáætlun

Í kjölfar niðurstaðna var könnunin rýnd á starfsmannafundi og niðurstöður að hluta kynntar fyrir nemendum. Niðurstöðurnar voru jafnframt kynntar foreldrum, fræðslunefnd Mýrdalshrepps og Skólaráði Víkurskóla. Unnin var tímasett úrbótaáætlun út frá rýnivinnu og kynningum. Sjá fylgiskjal 1.

Foreldrakönnun

Í ljósi skólastærðar Víkurskóla er öllum foreldrum boðin þátttaka í foreldrakönnun Skólapúlsins. Þátttaka foreldra var mjög góð eða 96.8%.

Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Nám og kennslu
- Velferð nemenda
- Aðstaða og þjónusta
- Foreldrasamstarf
- Heimastuðningur

Þá gafst foreldrum jafnframt kostur á að skila álitum í opnum svörum. Í þessari könnun voru jafnframt lagðar fyrir spurningar um hvernig foreldrum hefði þótt skólinn bregðast við Covid19 ástandi, allir foreldrar sem svörðuðu voru ánægðir með viðbrögð skólans. Könnunin var kynnt öllum aðilum skólasamfélagsins og rýnd sérstaklega á starfsmannafundi þann 31. maí sl. Þar sem settar voru fram hugmyndir og áherslur með úrbætur í þeim köflum sem komu lakast út í könnuninni. Sjá fylgiskjal 1. Hér fyrir neðan verða helstu niðurstöður settar fram.

Nám og kennsla

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,1	32	0,2	5,1	6.319	0,0
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	93,5%	29/31	0,2%	91,4%	5377/5848	2,1%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	90,6%	29/32	1,0%	83,7%	5207/6176	6,9%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	80,6%	25/31	-9,4%	76,5%	4400/5690	4,1%

Í þeim hluta sem mælir ánægju foreldra með nám og kennslu eru jákvæðar umbætur frá síðustu könnun í þremur af fjórum þáttum og einn þáttur mælist á sama stað og síðast.

Velferð nemenda

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,9	33	-0,2	4,7	5.699	0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	87,1%	27/31	5,0%	87,4%	5253/5955	-0,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	84,8%	28/33	-5,2%	91,9%	5818/6327	-7,1%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	97,0%	32/33	7,0%	91,8%	5772/6283	5,2%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	81,8%	27/33	-4,8%	91,2%	5675/6235	-9,4%*
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	18,2%	6/33	4,8%	9,0%	562/6254	9,2%*
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	62,5%	5/8	12,5%	54,9%	533/958	7,6%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	57,1%	4/7	7,1%	54,5%	516/941	2,6%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	76,2%	16/21	-3,0%	76,8%	2736/3492	-0,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,5	7	0,6	1,4	1.056	0,1
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	8	-	-	-	-

Í þessum hluta sem mælir almennt hversu vel foreldrar telja að velferð nemenda sé sinnt í skólanum. Hér koma fram vísbendingar sem skólasamfélagið verður að taka alvarlega. Foreldrar telja að börnum sínum líði ekki eins vel og við síðustu mælingu og töluvert fyrir neðan landsmeðaltal. Þá kemur fram að foreldrar telja almennt að líðan nemenda í frímínútum sé lakari miðað við síðustu könnun. Við þessum niðurstöðum var strax brugðist þegar þær lágu fyrir með aukinni gæslu í frímínútum og hádegisgæslu. Þá telja foreldrar að umfang eineltis sé talsvert í Víkurskóla og langt umfram landsmeðaltal. Vísbendingar um þetta komu líka fram eins og hér var rakið í nemendakönnun sem lögð var fyrir haustið 2020. Þá hófst strax vinna í bekkjum (sjá úrbótaáætlun) jafnframt voru settar fram tillögur í rýnivinnu á starfsdögum starfsmanna sl. vor sem verða nýttar strax við upphaf nýs skólaárs. Í þessum hluta er jákvætt að sjá að foreldrar telja betur og hraðar brugðist við þegar grunur um einelti vaknar.

Aðstaða og þjónusta

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,5	33	0,1	5,5	5.960	-1,0*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,5	24	1,3	5,3	3.535	0,2
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	81,2%	26/32	-2,1%	58,4%	3754/6200	22,8%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	6	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	58,6%	17/29	20,7%	73,3%	4096/5439	-14,7%*
3.6. Notkun á mötuneyti	100,0%	33	0,0%	89,3%	5678/6297	10,7%

Í þessum hluta segja foreldrar álit sitt á aðstöðu og þjónustu í skólanum. Foreldrar barna í Víkurskóla eru síður ánægðir með aðstöðu í skólanum miðað við landsmeðaltal. Í opnum svörum nefndu margir að aðstaða til smíðakennslu væri ekki til staðar. Frá hausti 2021 verður smíðakennsla í boði fyrir nemendur. Ljóst er að ánægja með mötuneyti skólans er langt fyrir neðan meðaltal fyrir landið og er nauðsynlegt að kafa dýpra í hvað veldur. Í rýnivinnu starfsmanna skólans komu fram tillögður til úrbóta. Leitað verður samstarfs eins og áður við eldhús Hjallatúns um úrbætur.

Foreldrasamstarf

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,7	33	-0,3	4,6	5.972	1,1*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	69,0%	20/29	4,7%	54,7%	2901/5112	14,3%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	72,4%	21/29	-3,6%	64,3%	2809/4217	8,1%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	22	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	19	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	90,9%	30/33	-5,5%	94,4%	5653/5983	-3,5%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	33	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	57,1%	16/28	12,3%	59,7%	3291/5462	-2,6%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	100,0%	21	14,8%	89,1%	4388/4942	10,9%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	83,3%	25/30	10,9%	82,0%	4795/5846	1,3%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	78,8%	26/33	2,1%	71,7%	4492/6208	7,1%

Í þessum kafla eru foreldrar beðnir að segja álit sitt á foreldrasamstarfi í Víkurskóla. Þar eru jákvæðar niðurstöður t.d. eru foreldrar umtalsvert ánægðari en landsmeðaltal með að leitað er eftir tillögum frá þeim og tekið er við ábendingum. Einnig eru foreldrar ánægðir með upplýsingar um stefnu skólans og námskrá. Í þessum hluta bera að hafa í huga að foreldrar voru síður ánægðir með síðasta foreldraviðtal en áður.

Heimastuðningur

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,9	32	-0,3	5,0	6.161	-0,1
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	3,7	32	-0,4	4,0	6.097	-0,3
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	78,1%	25/32	3,1%	74,1%	4240/5692	4,0%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	67,7%	21/31	3,5%	60,9%	3538/5863	6,8%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	54,5%	12/22	11,1%	74,2%	3425/4740	-19,7%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	31,8%	7/22	10,1%	15,5%	792/4740	16,3%*

Í kaflanum um heimastuðning er leitað eftir viðhorfum foreldra til heimanáms og jafnframt um væntingar til náms barnanna eftir grunnskólagönguna. Foreldrar telja heimavinnu hæfilega sem og þann tíma sem eytt er með börnunum í heimanámið. Foreldrar barna í Víkurskóla hafa langt um meiri væntingar til þess að börn þeirra fari í iðnnám að loknum grunnskóla heldur en háskólanám.

Opin svör

Í opnum svörum komu foreldrar með ábendingar um það sem betur mætti fara. Það helsta sem nefnt var; ekki ánægja með mötuneytið, meiri áhersla á list- og verkgreinar, tekið sé fastar á agavandamálum, meiri gæsla í frímínútum og bætt mannleg samskipti. Þegar foreldrar voru beðnir að nefna það sem þeim fyndist jákvætt við skólastarfið var m.a. nefnt; Faglegt starf, gott viðmót starfsmanna, auðveldar boðleiðir og góður skólabragur.

Úrbótaáætlun

Niðurstöður foreldrakönnunarinnar voru kynntar öllum aðilum skólasamfélagsins og ræddar leiðir til úrbóta. Á starfsmannafundi sl. voru settar fram hugmyndir að úrbótum á tveimur þáttum sem komu slakast út þ.e.a.s mötuneyti og einelti innan veggja skólans.

Nemendakönnun 1.-5. bekkjar

Þar sem Víkurskóli er fámennur skóli er ekki tekið úrtak úr nemendahópnum heldur taka allir nemendur þátt. Svarhlutfall að þessu sinni var 100%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Ánægja af lestri
- Ánægja með skólann
- Vellíðan í skólanum.

Hér fyrir neðan er samantekt á niðurstöðum.

Ánægja af lestri

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 1.b	5,5	9	-	5,5	1.263	0,0
1.2. Ánægja af lestri 2.b	6,5	8	-	5,3	1.192	1,2*
1.3. Ánægja af lestri 3.b	-	-	-	-	-	-
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	5,6	32	0,3	4,8	6.509	0,8*

Ánægja af lestri mælist umtalsvert meiri hjá nemendum í 2. bekk heldur en jafnöldrum á landinu og nemendur í 1.-5. bekk Víkurskóla hafa marktækt meiri ánægju af lestri en nemendur almennt á Íslandi. Þetta eru mjög ánægjulegar niðurstöður.

Ánægja með skólann

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 1.b	6,1	9	-	5,6	1.260	0,5
2.2. Ánægja með skólann 2.b	5,3	8	-	5,3	1.190	0,0
2.3. Ánægja með skólann 3.b	-	-	-	-	-	-
2.6. Ánægja með skólann 1.-5.b	5,3	32	-0,3	5,0	6.499	0,3

Nemendur í 1.-5. eru örlítið ánægðari með skólann sinn en jafnaldrar almennt. Nemendur 1. bekk eru ánægðastir af þessum bekkjum.

Vellíðan með skólann

3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 1.b	5,9	9	-	5,3	1.257	0,6
3.2. Vellíðan í skólanum 2.b	6,1	8	-	5,3	1.188	0,8
3.3. Vellíðan í skólanum 3.b	-	-	-	-	-	-
3.6. Vellíðan í skólanum 1.-5.b	5,7	32	0,3	5,1	6.494	0,6*

Nemendur í 1.-5. bekk Víkurskóla líður marktækt betur en jafnöldrum í skólanum. Þetta eru mjög jákvæðar niðurstöður. Hér má möglega reikna með að aukin gæsla á nemendum í frímínútum, matarhléi og dægradvöl sem sett var af stað eftir niðurstöður úr könnun á líðan eldri nemenda hafi skilað sér inn í þennan hóp.

Niðurstöður úr þessari könnun voru líkt og með aðrar kannanir kynntar aðilum skólasamfélagsins. Þær voru ræddar og rýndar á starfsmannafundi. Ekki þótti tilefni til að grípa til sérstakra úrbóta heldur að allir kennarar í öllum bekkjum fylgi þeirri úrbótaáætlun sem unnin var úr niðurstöðum Skólapúlsins í 6.-10. bekk og eiga við alla námshópa.

Ungt fólk 2021

Nemendur í 8.-10. bekk Víkurskóla tóku þátt í könnun sem lögð er fyrir á landsvísu í febrúar 2021. Hér má sjá á mynd helstu niðurstöður úr þessari könnun

Lykiltölur í lífi barna Landið



Lesfimi


Í Víkurskóla hafa lesfimiþróf Menntamálastofnunar verið lögð fyrir um nokkura ára skeið. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða og lestrarnákvæmni. Rannsóknir sýna að tengsl milli lesfimi og lesskilnings eru sterk. Mikil áhersla hefur verið á að bæta lesfimi nemenda og skólinn hefur verið með markvissar aðgerðir í skólanum og í samstarfi við heimilin. Lesfimin er mæld þrisvar yfir skólaárið. Þar sem Víkurskóli er mjög fámennur og í sumum árgöngum mjög fá börn þá er ekki hægt að birta niðurstöður og framgang myndrænt. Í 6 árgöngum af 10 eru nemendur skólans yfir landsmeðaltali. Fyrir nemendur sem ekki ná viðmiði 1 um árangur eru lögð fyrir hliðarþróf sem greint geta ef um sértæka lestrarörðugleika er að ræða. Viðmið Víkurskóla er að árangur nemenda sé á pari við landsmeðaltal.

Lesskilningur

Lesskilningsþrófið Orðarún er lagt fyrir tvisvar yfir skólárið í 3.-8. bekk. Þrófið gefur vísbendingar um hvar nemendur standa í lesskilningi og sýnir framfarir á milli ára. Viðmið Víkurskóla er að niðurstöður seinna prófs sýni að 90% nemenda í námshópi raðist í gott og færri en 10% nemenda í námshópi raðist í mjög slakt. Þar sem nemendur Víkurskóla eru fáir og mjög fáir í sumum árgöngum er ekki hægt að birta með myndrænum hætti niðurstöður.


Niðurstöður samræmdra prófa

Samræmd próf eru lögð fyrir árlega að hausti í 4. og 7. bekk (sept/okt) og að vori (mars) í 9. bekk. Samræmd próf í 9. bekk voru felld niður í mars sl. en gerð valfrjáls sl. vor þar sem framkvæmd þeirra mistókst. Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir, funda stjórnendur með viðkomandi umsjónarkennurum til að rýna niðurstöður og gera áætlun um úrbætur. Síðastliðið haust var þróað form í skólanum til að fylla inní fyrir þá nemendur sem víkja langt frá ásættanlegum árangri, þar er tilgreint í hverju úrbætur felast, hvernig framfarir eru mældar og hver tímaramminn er. Víkurskóli hefur ekki sett sér viðmið um árangur skólans í samræmdum prófum en þau verða unnin næstkomandi skólaár. Þar sem Víkurskóli er fámennur skóli eru niðurstöður ekki birtar myndrænt frá ári til árs. Hér að neðan má sjá þróun einkunna yfir lengra tímabil. (Heimild: Ytra mat MMS á Víkurskóla mars 2021).




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Mynd eitt sýnir árangur 4. bekkinga í íslensku og stærðfræði. Árangur í íslensku er hægt uppávið og er við landsmeðaltal en árangur í stærðfræði er nokkuð undir landsmeðaltali.



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Á mynd 2 má sjá árangur nemenda í 7. bekk. Þar hefur árangur í íslensku farið hægt uppávið og er yfir landsmeðaltali en árangur í stærðfræði er nokkuð undir landsmeðaltali.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Á mynd 3 má sjá að árangur nemenda í 9. bekk er jafn og landsmeðaltal í íslensku en nokkuð undir landsmeðaltali í stærðfræði og ensku. Haustið 2019 var sett á sérstakt teymi í Víkurskóla til þess að efla námsárangur nemenda í stærðfræði.

Teymi Víkurskóla

Skólaárið 2020-2021 störfuðu 3 teymi innan skólans fyrir utan matsteymi skólans. Teymi um stærðfræðikennslu sem vinnur að eflingu námsárangurs nemenda í stærðfræði, teymi um Uppeldi til ábyrgðar sem mótar tillögður fyrir skólaárið um hvaða viðfangsefni unnið er að og teymi um Heilsuefandi skóla sem er verkefni unnið í samstarfi við Landlæknisembættið.

Stærðfræðikennsla

Teymið hittist nokkrum sinnum yfir skólaárið. Í upphafi skólaárs setti teymið sér markmið um vinnubrögð og áherslur og í lok skólaársins skilaði teymið skýrslu með áherslum fyrir næsta skólaár og viðmið um árangur í Talnalykilsprófum í 3. og 6. bekk (skimunarpróf).

Uppeldi til ábyrgðar

Teymið hittist nokkrum sinnum yfir skólárið, lagði línur yfir þær áherslur sem unnar voru í bekkjum og kom með innlegg á starfsmannafundi. Teymið skilaði skýrslu í lok skólaársins auk þess að gera áætlun um viðfangsefni næsta skólaárs.

Heilsuefandi skóli

Teymi um Heilsuefandi skóla hittist formlega tvisvar yfir skólaárið og vann eftir áherslum Heilsusetefnu Víkurskóla. Heilsustefnan var endurskoðuð vorið 2021 jafnframt var unnið að því

að gera verkefnið sýnilegt innan veggja skólans og vekja athygli á því með reglulegum hætti á heimasíðu skólans. Í fylgiskjali fylgir lokaskýrsla skólaársins.

Skólaping nemenda

Einn af grunnþáttum menntunar í grunnskóla er lýðræði og mannréttindi. Í Víkurskóla er lögð áhersla á að þjálfa börn í samræðum og virkri hlustun. Viðleitni í þá átt er skólaping nemenda sem haldið er árlega að hausti þetta skólaárið í október. Viðfangsefni þingsins voru málefni sem tengjast skólanum með beinum hætti og eru nemendum mjög hugleikin; samskipti, námið, skólaumhverfið, félagslíf og matur/morgunhressing. Nemendum voru skipt í 7 hópa og fengu allir tækifæri á að ræða öll málefni og hópstjórar sáu um að skrá niður það sem rætt var. Í framhaldinu voru niðurstöður teknar saman af umsjónakennarar sem jafnframt sáu um að skrá þær í tölvu og flokka. Niðurstöðurnar voru ræddar og kynntar fyrir skólasamfélaginu og nýttar til úrbóta.

Lokaorð

Hér að framan er rakið það helsta sem unnið var í innra mati Víkurskóla og/eða upplýsingar sem nýst geta til hagsbóta fyrir nemendur og skólasamfélagið, skýrslan er þó ekki tæmandi og stefnt er að því að taka fleiri þætti inn í matið eftir því sem skólastarfinu vex fiskur um hrygg. Tilgangur innra mats er fyrst og fremst til að nýta upplýsingar sem aflað er til að bæta skólastarfið og gera það faglegra. Á skólaárinu fór fram ytra mat á Víkurskóla. Niðurstöður þess munu styrkja og bæta skólastarf Víkurskóla til framtíðar og nýtast vel í áframhaldandi eflingu innra mat skólans.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1- Rýnivinna vegna nemendakönnunar

Rýnivinna og úrbótaáætlun vegna niðurstaðna á nemendakönnun Skólapúlsins haust 2020.

Rýnivinnan fór fram á starfsmannafundi 5. janúar 2021. Eftirfarandi þættir voru sérstaklega ræddir og teknir til skoðunar þar sem þeir komu slakar út miðað við fyrri könnun (2019). Í framhaldi rýnifundar voru ákveðnir þættir í könnuninni jafnframt rýndir og ræddir við nemendur á unglingastigi.

Virkni nemenda í skólanum

- a) Þrautseigja í námi
- b) Trú á eigin námsgetu

Líðan og heilsa

- a) Sjálfsálit
- b) Stjórn á eigin lífi
- c) Vellíðan
- d) Einelti

Þáttur	Lýsing/Úrbætur	Tímarammi	Umsjón / Ábyrgð
Þrautseigja í námi	Þessi þáttur kemur slakar út en í fyrri könnun. Hann mælir hversu mikið nemandinn leggur sig fram. Auðugt námsuhverfi er forsenda meiri þrautseigju. Úrbætur: Kennarar meti hvar hægt er að gera betur, t.a.m. með fjölbreyttari nálgunum í námi. Nota meira hvatningu og viðeigandi hrós. Gera nemendum grein fyrir til hvers er ætlast.	jan 21-okt 23	Allir kennarar Námsráðgjafi Skólastjórnendur
Trú á eigin námsgetu	Þessi þáttur vikur talsvert frá landsmeðaltali. Hann mælir viðleitni nemandans til að beina hugsunum, tilfinningum og athöfnum til að uppfylla eigin námsmarkmið. Úrbætur: Kennarar fari betur yfir með nemendum hver eru	Jan 21-okt 23	Umsjónarkennarar /aðrir kennarar. Námsráðgjafi

	markmið með ákv. námsþáttum og hvernig sé best að vinna þá til að ná markmiðum. Kenna upplýsingaöflun markvissar. Kenna skipulega námstækni í samráði við námsráðgjafa.		
Sjálfsálit	Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hversu mikils virði nemandanum finnst hann vera. Úrbætur: Vinna markvisst með sjálfstyrkingu í gegnum nám t.a.m. umræðum, hópaverkefnum. Nýta ART þjálfun og Uppeldi til ábyrgðar með markvissum hætti.	Jan 21-okt 23	Umsjónarkennarar
Stjórn á eigin lífi	Þessi þáttur segir til umhvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Ýmis af eigin völdum eða umhverfis/annars fólks. <u>Úrbætur:</u> Sjá úrbætur fyrir lið „Sjálfsálit“ hér að ofan.	Jan 21-okt 23	Umsjónarkennarar Námsráðgjafi
Vellíðan	Þátturinn mælir róf tilfinninga ásamt því að mæla jákvæðar tilfinningar. <u>Úrbætur:</u> Leggja rækt við að kenna nemendum um tilfinningar m.a. í gegnum ART og Uppeldi til ábyrgðar	Jan 21-okt 23	Umsjónarkennarar Skólahjúkrunarfræðingur
Einelti	Einelti er ítrekað neikvætt og óþægilegt áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Einelti virðist fara vaxandi í Víkurskóla. <u>Úrbætur:</u> Efla jákvæð samskipti nemenda í gegnum bekkjarvinnu. Bekkjarstarf foreldra utan skóla. Auka gæslu og umsjón með nemendum í frístundum.		Allir starfsmenn skóla Foreldrar Skólastjóri

Fylgiskjal 2 – Rýnivinna vegna foreldrakönnunar

31. maí – Starfsmannahópurinn rýnir niðurstöður Skólapúlsins – foreldrakönnun

Farið var sameiginlega yfir kafla 2. og 3. og í framhaldi sérstaklega unnið með kaflann um einelti og mötuneyti. Starfsmenn skiptu sér í hópa eftir umræðuefni og settu fram hugmyndir að úrbótum. Sjá hér fyrir neðan. Starfsmenn telja kjarnann vera samstarf við foreldra og umræðu á jákvæðum nótum.

Mötuneyti

- Salatbar og súpa - skólinn gerir
- Grænmetið flokkað
- Hitaborð fyrir matinn
- Nemendur skammta sér sjálfir
- "einfaldan" mat
- Viðmót þess sem skammtar
- Nægur matur
- Skammtur og ein ábót
- Meðlæti til umræðu

Ákall til foreldra um að skapa jákvæða umræðu um mat og mötuneyti skólans.

- Skólaþing
- Skólakynningar
- Umræða í skólanum

Einelti

- Vinabekkir – vinapör
- Bekkjarvinir
- Bekkjarfundir – stöðufundir – fundargerð – mán/fös
- Virkja tengla í vinaverkefni
- Vinahópar – foreldrar með
- Kynnig á einelti – bjóða upp á súpu – Vanda Sig. fyrir foreldra
- Þing með nemendum -
- Umræður með nemendum hugtakið einelti
- Jöfn og góð skipting milli hópa í íþróttum.
- Aðstoð við íþróttakennara í tíma og búningasklefum
- Afdrep í fríminútum og eftir skóla og viðfangsefni
- Unglingar með ábyrgð gagnvart yngri t.d. fríminútnagæsla, umsjón með ákv nem. – greiðslur frá.....
- Vesti á gæsluaðila
- Skólakynningar
- skólaþing
- fyrirlestrar

Fylgiskjal 3 – Skólaþing nemenda

Skólaþing nemenda í 5. -10. bekk 2020

Einn af grunnþáttum menntunar í grunnskóla er lýðræði og mannréttindi. Í Víkurskóla leggjum við áherslu á að þjálfa börn í samræðum og virkri hlustun. Viðleitni í átt er skólaþing nemenda. Við höldum slíkt þing með þáttöku nemenda í 5.- 10.bekk. Viðfangsefni þingsins voru málefni sem tengjast skólanum með beinum hætti og eru nemendum mjög hugleikin; samskipti, námið, skólaumhverfið, félagslíf og matur/morgunhressing. Nemendum voru skipt í 7 hópa og fengu allir tækifæri á að ræða öll málefni og hópstjórar sáu um að skrá niður það sem rætt var. Í framhaldinu voru niðurstöður tekin saman af umsjónakennarar sem jafnframt sáu um að skrá þær í tölvu og flokka.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Skólaþing Víkurskóla 2020 – niðurstöður og tillögur að úrbótum

Atriði merkt gul eru þau sem fleiri en einn hópur nefndi í hverjum flokki.

Samskipti

- Hætta öskrum
- **Leyfa síma**
- Kennarar tali meira við nemendur til að þeim líði vel
- **Þarf að fylgjast betur með í frímínútum**
- Oft er fólk að grínast en aðrir taka það alvarlega
- Ekki nota niðrandi orð
- Virða mörk
- Að vera góð fyrirmynd
- Meira pláss
- Fókusa meira á það góða og skemmtilega.

Hvað getur þú gert, t.d. ofbeldi, klögumál, segja frá.

- Láta vita
- Kenna nemendum muninn á að klaga og segja frá

Námið

- **Leyfa okkur að nota símar og tölvur við námið.**
- Horfa oftár á myndbönd í t.d. náttúrufræði og dönsku
- Nota meiri skilrúm
- **Hafa meira uppbrot**
- Hafa meiri kynfræðsla og fræðla um femínisma, LGBTQ o.þ.h.

Valgreinar

- Valið er gott
- Bæta við smíði
- Leyfa 6.b. í vali
- Skýra valgreinar betur
- Bæta við tölvuval
- Meiri fjölbreytni í vali: smíði, tungumál, heimilisfræði, skátar, íþróttir, þrek
- Hafa fleiri tungumál í boði

Fleira sem rætt var

- Ný borð og stóla fyrir yngri nemendur
- Betri tölvur í bókasafni

Skólaumhverfið

- sófi í hverri stofu
- mega hlusta á tónlist í síma í vinnustundum
- alvöru/þykkari vegg, mála glugga og vegg
- betri tölvur
- taka þakglugga
- stærra bókasafn/fleiri bækur
- nýtt trampólín í íþróttahúsið, betri dýnur og klifurvegg

Hvernig umhverfi líður mér best í í frímínútum?

- Innandyra* : opið tölvuherbergi, símahornstofa, elstu nem. vilja vera inni í frímó og opnar stofur, vera inni í frímó í rigningu elstu megi fara í búðina í frímó
- Utandyra* : aparóla, köngulóarróla, barnarólur, betri kastali

Félagslífið

- Fleiri bekkjarkvöld
- Fleiri skólaferðalög
- Meiri samskipti við aðra skóla
- Spilakvöld, bíókvöld o.fl. þannig
- Setja upp borðtennisborðið

Fleira sem rætt var

- Fá að vera inni í frímínútum

Matur og morgunhressingu:

- Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að hægt væri að auka grænmetisneyslu í skólanum
 - Grænmetis bar
 - Frekar hrátt grænmeti en soðið
 - Grænmeti og kartöflur soðið í skólanum
 - Meir úrval / fjölbreytni t.d. vínber, mangó, hnetur, fræ, baunir....
- Hverju mætti breyta?, hverju mætti bæta og hverju mætti sleppa.
 - a) Hádegisverður
 - Kartöflur með hýði
 - Fiskur bara einu sinni á viku
 - Hafa val milli t.d. steiktur fiskur með raspi / án rasps
 - Oftar bleikju
 - Oftar hrisgrjón sem meðlæti
 - Oftar súpu t.d. kjúklingasúpa m . nachos, tómatsúpa með MEIRA pasta
 - Oftar heimabakað brauð t.d. með súpunni / með pasta
 - Nautaborgari frekar en kjúklingaborgari
 - Hafa sítrónubátar með snitzel
 - b) morgunverður
 - Hafa val um ristað brauð í morgunmatnum, ekki alltaf smurt
 - Hafa líka dökkt brauð
 - Að rúsinur séu í boði líka með cheriosi
 - Jógúrt stundum
 - Coco – puffs
 - Hafa val um laktósafrítt

3. TILLÖGUR – fleira sem rætt var

- Nota hárnet við matreiðslu